


Alþingi  
Erindi nr. þ 122/288  
komudagur 26.11.197



Hagall, Árni Reynisson lvm  
Vátryggingamiðlun  
Insurance Intermediaries

Túngata 5  
Pósthólf/P.O.Box 1166,  
121 Reykjavík, Iceland

Sími/Phone 354 - 55 11 11 0  
Símbréf/Fax 354- 55 11 123

HAGALL

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Reykjavík.

26.11.97

Bréf Alþingis dags. 21.11.97 vegna frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Í fyrra bréfi mínu til nefndarinnar vegna sama máls vakti ég athygli á atriði í núverandi 8. grein, sem krefst lagfæringar.

Þar segir í 2. tölulið um aðila sem hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II kafla:  
“Líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi sbr. lög um vátryggingastarfsemi.”

Tilvitnuð lög um vátryggingastarfsemi fjalla í 64. og 65. gr. um erlend líftryggingafélög sem hér hafa starfsleyfi. Með orðalagi frumvarpsins virðist Alþingi hafa í huga að mismuna aðilum sem hér hafa starfsleyfi eftir því hvort þeir hafa hér útibú eða ekki.

Undirrituðum er til efs að það sé heimilt vegna ákvæða sammings um EES.

Í skýringum kemur ekki fram hvernig á þessu stendur. Þar segir: “Nauðsynlegt er að binda þetta við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.- 4. tölulið enda eru þetta allt aðilar sem ákveðnar reglur gilda um í lögum.” Skemmst er frá því að segja að ákveðnar reglur gilda í lögum um erlend tryggingafélög sem hér hafa starfsleyfi án starfsstöðvar, sbr. áður nefnda 65. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Frumvarpsskýringin stendur því óbreytt þó umrædd 8.gr. frumvarpsins miðist við öll félög sem hafa starfsleyfi á Íslandi.

Ég vek athygli á því, að fjármálaráðherra er í 10. gr. heimilað að setja reglur um nánari formskilyrði fyrir því hverjum leyfist að bjóða samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skv. II kafla. Almennar reglur um eftirlit, upplýsingar, skil fjármuna og annað, sem ráðherra setur sem skilyrði fyrir heimild eiga heima í þeirri reglugerð.

Líftryggingafélag á EES þó ekki hafi starfsstöð á Íslandi en uppfyllir öll skilyrði slíkrar reglugerðar á að hafa rétt til ofangreindrar starfsemi.

Ég legg því til að orðinu “starfsstöð” í 2.tl. 8.gr. verði breytt í “starfsleyfi”.

Með vinsemi og virðingu,

  
Árni Reynisson